

Sp.

746. Þingsályktun

[122. mál]

um endurskoðun laga nr. 63 frá 12. maí 1970, um skipan opinberra framkvæmda.

(Afgreidd frá Sp. 14. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða rækilega núgildandi lög um skipan opinberra framkvæmda. Sérstakt samráð skal haft við Samband íslenskra sveitarfélaga um endurskoðun þessa. Ríkisstjórnin skal leggja fram á næsta þingi lagafrumvarp um þetta efni, ef athugun leiðir í ljós að tilefni sé til.